



FLÓAHREPPUR

Fundargerð atvinnu- og umhverfisnefndar				
Fundarefni Ýmis mál	Fundarstaður Þjórsárver		Nr. fundar 5	
Fundarboðari Árni Eiríksson	Fundarritari Árni Eiríksson	Fundur hefst Kl.20:30	Fundi lauk Kl.22:10	Dags. Fundar 28.11.2012
Fundarmenn Albert Sigurjónsson, Árni Eiríksson, Bjarni Einarsson, Helgi Sigurðsson, Margrét Ormsdóttir				
Nr.	Dagskrárlíðir	Ábyrgð / dags.		
1.	<p>Erindi frá Eflu, forhönnun og kostnaðarmat vegna ljósleiðaralagnar</p> <p>Lögð fram skýrsla um forhönnun og kostnaðarmat vegna lagningu ljósleiðara í Flóahrepp dags. október 2012. Kostnaðaráætlun liggur fyrir sem nemur 307.128.807 kr. m/vsk.</p> <p>Sveitarstjórn samþykkti að afla frekari upplýsinga um málið.</p> <p>Nefndinni ofbýður sá kostnaður sem í þessu liggur en hvetur sveitarstjórn til að fylgst sé með þróun sem á sér stað í 4G netsambandi sem er í hraðri framför.</p>			
2.	<p>Erindi frá Afréttarmálafélagi Flóa og Skeiða</p> <p>Lagt fram erindi frá Afréttarmálafélagi Flóa og Skeiða dags. 7. október 2012 þar sem óskað er eftir styrk til girðingaframkvæmda á afréttargirðingu að upphæð 326.000 kr. pr/ár til þriggja ára.</p> <p>Sveitarstjórn samþykkti ofangreinda beiðni.</p> <p>Lagt fram til kynningar.</p>			



FLÓAHREPPUR

3.	<p>Erindi vegna lausagöngu búfjár</p> <p>Lagður var fram tölvupóstur dags. 22. október 2012 þar sem kvartað er undan ágangi sauðfjár og skemmdum á trjágróðri af þeirra völdum.</p> <p>Sveitarstjórn hvetur landeigendur almennt til að girða sín lönd af og halda þeim við með fullnægjandi hætti sbr. girðingalög nr. 135/2001 til að koma í veg fyrir árekstra af þessu tagi.</p> <p>Samþykkt að taka til athugunar að gerð verði samþykkt fyrir búfjárhald í Flóahreppi.</p> <p>Nefndin fagnar afgreiðslu sveitarstjórnar og hvetur til að algjört bann við lausagöngu búfjár verði skoðað alvarlega.</p>	
4.	<p>Fyrirspurn um urðunarstaði fyrir úrgang</p> <p>Lagt fram bréf frá Birni H. Halldórssyni f.h. Sorpu, Sorpstöðvar Suðurlands, Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja og Sorpurðunar Vesturlands dags. 16. október 2012.</p> <p>Í erindinu er óskað upplýsinga um mögulega sorpurðunarstaði á svæði ofantalinna sorpfélaga.</p> <p>Vísað til atvinnu- og umhverfisnefndar.</p> <p>Nefndin leggur til að sveitarfélagið skoði hvort jarðirnar Lækjarbakki og Eystri-Loftstaðir gætu hentað fyrir urðunarstað og bendir á að Lækjarbakki er til sölu.</p>	
5.	<p>Önnur mál</p> <p>Kynnt erindi frá Metanorku vegna metanorkuvers í Hvalfjarðarsveit.</p> <p>Samtök orkusveitarfélaga kynnt.</p> <p>Fundi slitið kl. 22:10</p>	